



VOOT
VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1117. tbl - 24. árg.

6. júní 2024



Palli tryllti lýðinn í Klifi

Sjómanna­dagshelgin litaðist nokkuð af veðrinu þetta árið, kuldi og hvassviðri gerði það að verki að ýmsir viðburðir voru fluttir inn í hús. Veðrið hafði hins-

vegar ekki áhrif á Sjómannahófið í Klifi, þar skemmti Páll Óskar gestum fram eftir nóttu.

Nánar er fjallað um sjómanna­helgina inni í blaðinu.

Ný fallvörn á Kríubóli



Miklar og þarfar endurbætur hafa átt sér stað undanfarnar vikur á leikskólalóð Kríubóls og er þeim nú lokið. Í framkvæmdunum fólst að skipta út gúmmihellum sem voru í kringum leiktæk­in fyrir gervigras og undirlag. Fallsvæðin í kringum leiktæk­in voru einnig stækkuð í leiðinni. Undanfarin ár hafa foreldrar kvartað undan svörtum lit sem gömlu mottunnar smituðu í fót

barnanna. Erfitt reyndist að ná litlum úr fótunum en fyrst var vakin athygli á málinu árið 2022. Gallinn á mottunum var borinn undir framleiðendur en niðurstaðan í málinu var sú að litað gervigras með undirlagi myndi henta betur í þetta tiltekna verkefni. Nú er leikskólalóðin mun litríkari en áður og börnin eflaust ánægð með það.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Bifreiðaverkstæði / Egis.
Rífl. S-436677

Betra fyrir bílinn

Útskriftir af leikskólum Snæfellsbæjar



Árlega opna húsið var haldið á Leikskólum Snæfellsbæjar í síðustu viku. Eins og venjan er voru elstu börnin á leikskólanum, árgangur 2018, útskrifuð úr leikskólanum við þetta tilefni. 14

börn útskrifuðust úr leikskólunum í ár, 10 frá Krílakoti í Ólafsvík og 4 frá Kríubóli á Hellissandi. Mikil gleði var á leikskólunum, foreldrar og aðrir aðstandendur barnanna kíktu í heimsókn, leikskólakórinn tók nokkur lög áður en útskriftarárgangurinn söng fyrir gesti. Útskriftarárgangurinn fékk svo viðurkenningarskjal, útskriftarhatt og sjálfsmynd sem þau höfðu málað sjálf. Á athöfninni lokinni var boðið upp á grillaðar pylsur og skúffuköku. Gestum gafst svo tækifæri til að skoða sig um á leikskólunum og sjá afrakstur vetursins. Ómar Lúðvíksson gaf leikskólanum Kríubóli gjöf í tilefni þess að barnabarn hans, Harpa Guðný Aradóttir, var að ljúka námi við leikskólann og tók Hermína Lárusdóttir, leikskólastjóri, við tveimur settum af kubbum frá honum. Annars vegar 120 kubba sett, 12 figúrur sem samanstanda úr 72 hringjum og 36 penignum og hins vegar 72 hluta kubba sett. Ótrúlega margir möguleikar eru í boði með báðum settunum en þetta er allt úr



við og kemur í öllum regnbogans litum. Leikföng sem þessi fá börn til að virkja ímyndunarafli sitt og

sköpunarkraft og hægt er að æfa sig að þekkja litina og telja.

..S/

Björgunarbátarsjóður fær milljón frá FMÍS



Líkt og kom fram í síðasta tölublaði Jökuls er nýsmíði á nýjum björgunarbát Björgunarbátasjóðs Snæfellsnes nú í fullum gangi í skipasmíðastöðinni KewaTec í Kókkola, Finnlandi. Þessi nýja Björg er sú fjórða í röðinni en með nýju skipi mun viðbragðstími hjá björgunarsveitinni á svæðinu stytta um helming, aðstaða verða betri ásamt því að viðhaldsrekstur mun minnka til muna. Að hafa öflugt björgunarskip í Breiðafirði er mjög nauðsynlegt þar sem hér fer um fiskveiðiflotinn, skemmtiskip, ferja og fleiri fley. Áætlaður afhendingartími á nýju skipi er í desember 2024 og er stórt og krefjandi verkefni framundan en báturinn kostar 324 milljónir króna. Íslenska ríkið mun borga helming þeirrar upphæðar og Landsbjörg fjórðung en þá

sitja eftir 81 milljón sem Björgunarsveitin Lífsbjörg mun greiða. Seinna í sumar fer söfnun á fullt en nú þegar hafa nokkur félög, fyrirtæki og einstaklingar stigið fram og afhent Björgunarbátasjóð Snæfellsnes peningastyrk til nýsmíðarinnar. Í síðustu viku afhenti Fiskmarkaður Íslands sjóðnum veglegan styrk upp á 1.000.000 krónur til kaupa á bátum en styrkurinn var veittur á aðalfundi Fiskmarkaðs Íslands í björgunarsstöðinni Von á Rífi. Á meðfylgjandi mynd eru Ragnar Smári Guðmundsson, framkvæmdastjóri Fiskmarkaðs Íslands, Hafrún Ævarsdóttir, ritari Lífsbjargar, Höskuldur Árnason, formaður Lífsbjargar og Guðmundur Smári Guðmundsson, stjórnarformaður Fiskmarkaðs Íslands.

..S/

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

JÖKULL

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,
Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson
Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Vinaverkefni Rauða krossins

Félagslegu verkefni okkar miða að því að styrkja og efla félagslega þátttöku þeirra sem taka þátt

Hlutverk sjálfbóðaliða okkar er fyrst og fremst að veita félagsskap, nærveru og hlýju

Sjálfbóðaliðastarfið er unnið út frá þörfum notenda hverju sinni.



Sæktu um á
www.raudikrossinn.is



Tónlistarvinir

Vinahópar

Hundavinir

Símavinir

Gönguvinir

Heimsóknarvinir

 **Rauði krossinn**

Sjómanna dagur Snæfellsbæ 2024

Sjómannahelgin í Snæfellsbæ var haldin hátíðleg dagana 31. maí til 4. júní og hófst á fimmtudagskvöldið með Sjómanna dagsmóti Golfklúbbsins Jökuls og kvöldopnun á Kaldalæk þar sem allur ágóði sölunnar rann til meistaraflokks Víkings. Á föstudeginum héldu Egill SH, Gunnar Bjarnason SH og Saxhamar SH í skemmtisiglingu með áhugasama sem endaði svo á grillveislu, hoppuköstulum og lifandi tónlist í Sjómannagarðinum í Ólafsvík.

Á laugardegnum fór árleg þrautakeppni á planinu við Sjávaríðjuna á Rífi þar sem lið kepptu í kappróðri, þrautakeppni og reipitogi. Í heildina tóku 7 lið þátt í keppnunum en í ár voru einungis karlalið. Róðurinn í ár var með breyttu sniði en í stað þess að róa árabátum yfir höfnina var keppt í róðri á þurru landi, róðravelar voru á staðnum og reru áhafnar meðlimir 1 kílómetra með frjálsum skiptingum. Esjar SH sigraði bæði þrautabrotina og róðurinn. Í reipitoginu voru fjögur lið og sigruðu Rífsari SH, Bárður SH og Ásrún SH í sameiningu. Ekkert flekahlaupt var að þessu sinni



en þess í stað kepptu krakkarnir í reipitogi við mikinn fögnuð áhorfenda. Að kvöldi laugar dags hélt fólk á sjómannahófi í Klifi. Eva Ruza og Hjálmar Örn sáu um veislustjórn og skemmtu gestum, Ása Gunnarsdóttir fór með minni sjómanna og sjómannskornurnar Kristín Björk Gilsfjörð og Eydís Eyþórsdóttir voru heiðraðar. Hófinu var svo lokað með stórdansleik með Páli Óskari og skemmtu gestir sér fram á rauða nótt.

Á Sjómanna daginn sjálfan var að venju hátíðardagskrá sem að

þessu sinni var færð inn vegna veðurs, í Röstina á Hellissandi og í kirkjuna í Ólafsvík. Á Hellissandi fór Lea Hrunn Sigurðardóttir með hátíðarræðuna og Baldur Guðni Jónsson var heiðraður. Í Ólafsvík fór Þráinn Jónsson, framkvæmdastjóri Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur, með hátíðarræðuna og Magnús Höskulds-son og Magnús Jónasson voru heiðraðir. Að dagskránni lokinni fjölmennti fólk á sjómanna kaffi Slysavarnadeilda Helgu Bárðar og Sumargjafar sem er haldið árlega í Björgunarstöðinni Von.

Börnum var svo boðið á leiksýninguna Bangsímón hjá Leikhópnunum Lottu í Íþróttahúsinu í Ólafsvík. Áhafnir á Matthíasi SH, Magnúsi SH, Ólafi Bjarnasyni SH og Katrínu II SH sáu um skipulag og utunumhald á hátíðarhöldunum í ár og sáu til þess að sjómenn ásamt fjölskyldum sínum, öðrum bæjarbúum og gestum hafi átt ánægjulega og vel heppnaða helgi. Að ári munu sjómanna dagshelgin vera í höndum áhafna á Agli SH, Saxhamri SH, Esjari SH, Hrefnu SH og Naustvík ST.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímapantanir í síma 436-1111

Kvennamótaröð í golfi

Í sumar fer fram kvennamótaröð í golfi á Snæfellsnesi og hefst hún 12. júní á Fróðárvelli. Mótið er eitt af þremur mótum í mótarröðinni en næsta mót verður á Bárarvelli hjá Golfklúbbum Vestarr 16. júlí og það þriðja á Víkurvelli hjá Golfklúbbum Mostra í Stykkishólmi þann 15. ágúst. Mótaröðin er samstarfsverkefni milli kvennaráða golfklúbba á norðanverðu Snæfellsnesi.

Mæting er klukkan 17:30 á Fróðárvöllum og verður ræst út af öllum teigum. Leikfyrirkomulag er 9 holu punktkeppni með forgjöf. Mótsgjaldið er 3000 krónur og fá keppendur súpu og brauð eftir keppni. Verðlaun verða veitt fyrir 1.-3. sæti auka nándarverðlauna. Skráning fer fram inni á vefsíðunni Golfbox og eru nýliðar sérstaklega hvattar til að skrá sig.

JJ

Afmælisvika 11. - 17. júní

30 ára afmæli Snæfellsbæjar



Snæfellsbær verður 30 ára 11. júní 2024.

Snæfellsbær fagnar þessum áfanga með afmælisviku sem hefst 11. júní og lýkur á þjóðhátíðardegi Íslands 17. júní.

Dagskrá er enn í mótun og hvetjum við fyrirtæki, íbúa og félagasamtök til að taka þátt með einhverjum hætti. Áhugasöm hafi samband við Kristfríði Rós Stefánsdóttur, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.

Á dagskrá verður m.a. listasýning í Pakkhúsinu, afmæliskaka fyrir íbúa, formleg opnun á rennibrautinni í sundlaug Snæfellsbæjar, mótaraðir í golfi, ljósmyndasýning frá fyrri tíð, leik- og danssýning fyrir yngstu kynslóðina og margt fleira.

Formleg dagskrá auglýst þegar nær dregur.



Litahlaupið í Grundarfirði



Litahlaupið 2024 fór fram í Grundarfirði miðvikudaginn 29. maí síðastliðinn. Þátttakendur fengu frábært veður, logn og sólskin en um 300 þátttakendur voru í hlaupinu í ár. Komið var fyrir litastöðvum við Fellaskjól, á Fagursbólstúni, við gatnamót Sæbóls og Sólvalla, bakvið heilsugæsluna

og í þríhyrningum. Stöðvarstjóri tóku á móti keppendum með litasprenjum og íbúar við brautina hvöttu hlaupara áfram með tónlist og fagnaðrlátum. Viðburðurinn er haldinn í annað sinn í Grundarfirði og er styrktur af Lýðheilsusjóði, Samfélagsjóði BM Vallár, Múr og steypu slf, Ragnar og Ás-

geirs, Grundarfjarðarbæjar og Kaffi 59. Hlaupið hófst á upphitun á skólalóðinni þar sem Viktoría Sigurðardóttir, söng- og leikkona, stóð fyrir upphitun og svo hlupu ungir sem aldnir af stað í skemmtilega hlaupabrautina. Þátttakendur komu í mark í öllum regnbogans litum eftir að hafa þrætt braut-

ina og að hlaupi loknu var grillað pylsur ofan í alla sem mættu í boði Múr og Steypu slf. Hlaupið verður haldið aftur að ári liðnu og strax orðin mikil spennu fyrir Litahlaupinu 2025.

SJ

Sjómanna dagurinn Grundarfirði 2024

Helgina 31. maí til 2. júní héldu grundfirðingar Sjómannahelgina hátíðlega. Helgin hófst með sjómanna dagsmóti í leirdúfuskotfimi hjá Skotfélagi Snæfellsness á fimmtudeginum. Ungmennafélag Grundarfjarðar bauð svo krökkum í íþróttahúsið að hitta sjálfan Íþróttálfinn á föstudeginum við mikla kátínu. Árlegt golfmót Guðmundar Runólfssonar var haldið á Bárarvelli þar sem 48 manns tóku þátt og tókst vel til. Laugardagurinn byrjaði svo á krakkasprelli í Vélsmiðju Grundarfjarðar með hoppuköstulum fyrir börnin. Hringur SH og Runólfur SH fóru með áhugasama í hátíðarsiglingu um fjörðinn og svo var haldið til hátíðardagskrár á hafnarsvæðinu, bæði liðakeppni og reipitogskeppni um Pétursbikarinn. Björgunarsveitin Klakkur fór með sigur úr bítum í þrautbrautinni og Fiskmarkaður Íslands sigraði reipitogið og fór því heim með



Pétursbikarinn. Þá var blakleikur í íþróttahúsinu þar sem sjómenn öttu kappi við konur sínar, mæður, systur og hafði kvennaliðið betur í ár. Eftir annasaman og skemmtilegan dag bauð Sjómanna dagsráð Grundarfjarðar til dansleiks á Kaffi 59 með hljómsveitinni BLAND. Á sunnudeginum, sjálfan Sjómanna daginn var

börnum boðið á leiksýninguna Bangsímón með Leikhópnum Lottu í íþróttahúsinu. Sjómanna messu var haldin í Grundarfjarðarkirkju þar sem bræðurnir Ingi Þór og Páll Guðfinnur Guðmundssynir, fyrrum sjómenn, ásamt eiginkonum sínum, þeim Hjördísi Hlíðkvist Bjarnadóttur og Guðbjörgu Hringisdóttur, voru heiðruð fyrir störf sín og sæmd heiðursmerki sjómanna dagsráðs Grundarfjarðar. Að messu lokinni var svo athöfn við styttna Sýn þar sem blómakrans var

lagður til minningar um látna sjómenn. Kvenfélagið Gley mér ei var svo með sinn árlega kökubasar í Samkomuhúsinu sem var vel sóttur. Sjómanna dagsráð Grundarfjarðar kemur á framfæri þökkum til allra þeirra sem styrktu hátíðina og öllum þeim sem lögðu sitt fram við undirbúning og framkvæmd helgarinnar svo sjómenn ásamt fjölskyldum sínum, öðrum bæjarbúum og gestum gætu skemmt sér yfir helgina.

SJ

Undirrituðu viljayfirlýsingu um samstarf



Á dögnum undirritaði Hákon Ásgeirsson, þjóðgarðsvörður og Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari Fjölbautaskóla Snæfellinga (FSN) viljayfirlýsingu um samstarf.

Með viljayfirlýsingunni er ætlunin að efla samstarf og sýnileika á milli stofnanna. Samstarfið mun m.a. felast í því að FSN hafi tók á að nýta aðstöðu í gestastofum Snæfellsjökulsþjóðgarðs til skapandi starfa og verkefna nemenda.

Einnig felur samstarfið í sér miðlun fræðslu frá starfsfólki Snæfellsjökulsþjóðgarðs til nemenda FSN með fyrirlestrum og erindum eða öðrum þáttum sem samstarfsaðilum kemur saman um.

Árlega hafa nemendur í umhverfisfræði áfanga FSN komið í Snæfellsjökulsþjóðgarð og fengið fræðslu um störf landvarða og starfsemi þjóðgarðsins. Snæfellsjökulsþjóðgarður fagnar því að geta eftt enn frekar fræðslu til nemenda um mikilvægi náttúruverndar, líffræðilegrar fjölbreytni og landvörslu.

Forstöðumenn gera með sér samstarfssamning um hvert ofantalinnar verkefna eða önnur sem ákveðið er að hafa samstarf um. Í samningnum er gerð grein fyrir hlutverki, ábyrgð og kostnaðarhlutdeild hvors aðila um viðkomandi verkefni.

snaefellsjokull.is



Sumarið er tíminn!

Nú þegar hillir undir lok skólaársins og ný verkefni taka við hjá unga fólkinu okkar er ágætt að hafa í huga að foreldraábyrgðin fer ekki í sumarfrí. Hlutverk foreldra tekur breytingum í takt við aldur barnanna en ábyrgðin er alltaf fyrir hendi. Flest vitum við og íslenskar rannsóknir hafa sýnt fram á það að stuðningur foreldra getur komið í veg fyrir brotthvarf úr skóla og stutt við nám og velferð ungmennis. En stuðningur foreldra einskorðast ekki við skólann.

Margar ógnir mæta börnunum okkar á sumrin, á sama tíma og við viljum gjarnan slaka aðeins á taumnum er félagslega taumhaldið frá skólanum ekki til staðar. Eitt er að slaka, annað að sleppa.

Þegar kemur að félags- og skemmtanalífi ungmenna gegna foreldrar lykilhlutverki, bæði sem fyrirmyndir og eftirlitsaðilar. Eftirlitslaus partý barna undir 18 ára er ein af þessum stóru ógnunum sem mæta krökkunum okkar, partý sem fara úr böndunum. Bæjarhátíðir heima eða að heiman eru ekki fyrir eftirlitslaus ungmenni á eigin vegum. Síðustu árin hefur því miður orðið bakslag, bæði hvað varðar utanumhald foreldra og tölur sýna okkur einnig að hvers kyns vímuefnaneysla er að aukast og ofbeldi fer vaxandi meðal ungmenna. Foreldrar hafa oft áhyggjur af áfengisnotkun ungmenna á framhaldsskólaaldri og auknu aðgengi að vímuefnum. Þær áhyggjur eru því miður ekki óþarfar. Ábyrgð foreldra er því mikil og munið að barnið ykkar fæddist með 18 ára ábyrgð. Vert er að

minna á að það er lögbrot að versla áfengi handa þeim sem er undir 20 ára. Kæru foreldrar. Ekki vera lögbrjótar!

Það verður aldrei of oft kveðið að foreldrar eru mikilvægastir þegar kemur að öllum þáttum velferðar barna. Foreldrar þurfa að taka ábyrgð sína á foreldrahlutverkinu alvarlega og vera í góðu sambandi við börnin sín.

Margar greinar og rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að foreldrar séu leiðandi í sínu hlutverki. Leiðandi foreldrar krefjast þroskaðrar hegðunar af börnum sínum. Þeir setja skýr mörk, rökstudd og útskýrð svo unglíngurinn skilji hvað er að gerast. Þá er gott að hafa í huga að barn sem elst upp við markaleysi á sjálfst erfitt að setja sjálfu sér og öðrum mörk. Leiðandi foreldrar aðlaga sig að auknum þörfum unglíngja fyrir frelsi og ábyrgð. Þeir hvetja þá til að skýra út sjónarmið sín og leggja áherslu á að ræða saman þar sem fram koma bæði sjónarmið barna og foreldra, til dæmis þegar reglur eru settar. Reglur eru settar til að verja börnin okkar.

Allir þurfa að upplifa það að þeir séu mikilvægir, að einhverjum þyki vænt um þá og það skipti máli hvernig þeim líður. Mikilvægt er að foreldrar leggi rækt við og séu í góðu samband við börn sín, því það samband virkar sem fyrirmynd fyrir seinni tíma sambönd. Öruggt umhverfi fyrir börn er grunnur til að öðlast trú á sjálfan sig og hæfileika sína.

Gleðilegt sumar.

*Forvarnarteymi Snæfellsnes
Lögreglan á Vesturlandi*

Jafntefli í 8 spjalda leik

Meistaraflokkur Víkings Ó. mætti Reyni S. á Brons vellinum þann 31. maí síðastliðinn í 2. deild karla. Reynismenn settu fyrsta mark leiksins á 36. mínútu. Mikil barátta var í leiknum og fóru alls 8 gul spjöld á loft. Daniel Arnaud Ndí skoraði fyrir Viking þegar tvær mínútur voru komnar yfir uppbót-

artíma og endaði leikurinn því með jafntefli, 1-1. Vikingur því í 4. sæti deildarinnar með 9 stig og þarf sigur í næsta leik ef liðið ætlar að halda sér í toppbaráttunni. Næsti leikur Víkings Ó. er heimaleikur laugardaginn 8. júní á móti KF sem er í neðsta sæti deildarinnar með 3 stig.

JJ



Sími: 430 3700
www.fm.is



SR hafði betur gegn Reyni

Reynir H. mætti liði SR á Ólafsvíkuvelli þann 29. maí síðastliðinn í B-riðli 5. deild karla. Fyrsta mark leiksins kom á 2. mínútu leiksins þegar leikmaður SR kom boltanum í netið. Fyrri hálfleikur var tíðindalíttill en Reynismenn komu sterkir inn í seinni hálfleik í baráttuhug. SR skorðuðu annað mark á 49. mínútu. Mikil barátta var í mönnum og náðu

Reynismenn að halda SR mönnum þangað til á 89. og 91. mínútu þegar SR innsiglaði sigurinn með tveimur mörkum í lokinn. Lokatölur leiksins voru 4-0 fyrir SR og Reynir H. situr í 7. sæti deildarinnar með 1 stig eftir 3 leiki. Næsti leikur Reynis verður gegn Mídas þann 5. júní á Víkingsvelli í Reykjavík klukkan 20:00.

JJ

Skrifstofa prentsmiðjunnar Steinprent
og umboðs Sjóvá á Snæfellsnesi verður lokuð
5. - 11. júní

Þeir sem þurfa aðstoð eða upplýsingar vegna trygginga er bent á síma
440 2390 og 440 2000



STEINPRENT

SJÓVÁ

SUMARFATNAÐUR

fyrir sól og rigningu



Innanundirfatnaður
Stígvél
Skór



Hettupeysur
Stuttermabolir
Regnsett



Vindbuxur
Vindjakkar
Úlpur
Vettlingar



CINTAMANI

Húfur
Vettlingar
Flíspeysur



DEVOLD®
NORWAY 1853



Innanundirfatnaður
buxur og bolir

Úlpur, pollagallar og ýmislegt
fleira í útsöluhorninu á

50%
afslætti